

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2023. Efnaleifaáætlun byggði á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og var sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk og eggjum, kjötvinnslum, fiskvinnslum og af lýsi.

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsmenn og matvælaeftirlitsmenn sjá um allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin í nær öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum. Þvagsýni voru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Sýni úr fiskeldi voru tekin við slátrun og á fiskeldisstöðvum úr kvíum/ kerjum.

Alls voru tekin 1.002 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast.

Niðurstöður ársins 2023 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 1 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og/eða ástæðu leitað.

Sýni yfir hámarksgildum (MRL/ML)

- Efnin 17β -nortestosterone greindist í einum kvenkyns grís . Þekkt er að efnin greinist í þvagi gyltum í litlu magni. Farið var í eftirfylgni á búið sem gyltugrísinn kom frá og m.a. tekin eftirfylgnisýni. Hvorki greindust efnin í eftirfylgnisýnum né nokkur vísbending um misotkun á efnunum. Niðurstaða eftirfyllgnirannsóknar leiddi því í ljós að efnin hefðu verið af náttúrulegum uppruna í gyltugrísnum.
- Efnin 17α -nortestosterone greindist í tveimur kúm. Kýrnar voru með kálfi þegar sýnatökur fóru fram. 17α -nortestosterone finnst náttúrulega í kefldum kúm og því var ekki gripið til aðgerða.
- Eitt grunsamlegt sýni úr nautgripum var tekið í sláturhúsinu. Ketóprófen mældist í screening, skrokki var hent.

		Hlutfall sýna með efnaeifar undir leyfilegum mörkum árið 2023																
Landsbundin áhættumiðuð eftirlitsáætlun 2023	Efnaflokkur	Efni	Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Mjólk	Egg	Samtals	Alls						
	A1a, A1c, A1d	Stilben, sterar og RAL	97%	94%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	44	93%					
	A1b	Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni	8/10	3/4	8/8	0	0	22/22	0	0	0	20	90%					
	A1e	Beta-örvar	10/10	2/2	6/6	1/1	4/4	0	0	0	23	100%						
	A2a	Klóramfenikól	10/10	2/2	6/6	0	4/4	25/25	5/5	5/5	57	100%						
	A2b	Nitrófúran	5/5	2/2	0	0	5/5	31/31	0	5/5	48	100%						
	A2c	Nitróimidazol	5/5	2/2	12/12	1/1	5/5	35/35	5/5	0	65	100%						
	A2d, A3c	Dapsone, sýklalyf	5/5	2/2	6/6	2/2	4/4	17/17	5/5	0	41	100%						
	A3a	Litarefni	0	0	0	0	0	30/30	0	0	30	100%						
	A3b	Sníklalyf	0	0	0	0	0	15/15	5/5	0	20	100%						
	A3d	Hníslalyf	0	0	0	0	4/4	0	0	0	4	100%						
	A3f	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs), róandi lyf	5/5	0	6/6	1/1	2/2	0	0	0	14	100%						
	B1a	Sýklalyf	12/12	6/6	34/34	4/4	9/9	46/46	32/32	10/10	153	100%						
	B1b	Skordýraeitur, sveppeyðir, ormalyf, sníklalyf	14/14	4/4	36/36	5/5	18/18	129/129	5/5	5/5	216	100%						
	B1c	Róandi lyf	2/2	2/2	6/6	1/1	0	0	0	0	11	100%						
	B1d	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs), barksterar	8/8	5/5	18/18	3/3	3/3	0	27/27	0	64	100%						
	B2	Hníslalyf, vefsvipungalyf	2/2	1/1	8/8	0	10/10	0	0	5/5	26	100%						
	Fjöldi sýna		98	34	154	18	68	350	84	30	836	99.6%						
		Hlutfall sýna með efnaeifar undir leyfilegum mörkum árið 2023																
Landsbundin slæmbival eftirlitsáætlun 2023	Efnaflokkur	Efni	Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Mjólk	Egg	Samtals	Alls						
	B1a, B1c, B1d	Aminóglýkósíð, Róandi lyf, Bólgueyðandi verkjalyf (NSAIDs)	100%	100%	100%	100%	100%	0	0	0	2	100%						
	B1d, B1d, B2	Ormalyf, Barksterar, Hníslalyf	1/1	1/1	0	0	0	0	0	0	2	100%						
	A1b, A1c, A2a	Skjaldkirtilsheftandi efni, Sterar, Klóramfenikól	0	0	0	1/1	0	0	0	0	1	100%						
	B1b, B1d, B1c	Pláguueyðar, Barksterar, Róandi lyf	0	0	2/2	0	0	0	0	0	2	100%						
	A1e, A2b, A3d	Beta-örvar, Nitrófúran, Hníslalyf	0	0	0	0	2/2	0	0	0	2	100%						
	B1a, B1d, B1b	Sýklalyf, Bólguueyðandi verkjalyf (NSAIDs), Ormalyf	0	0	0	0	1/1	0	0	0	1	100%						
		Fjöldi sýna		2	2	2	1	3	0	0	0	10	100%					
			Hlutfall sýna með efnaeifar undir leyfilegum mörkum árið 2023															
Landsbundin aðskotaeftirlitsáætlun 2023	Efnaflokkur	Efni	Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Kúamjólk	Hæuegg	Unnar kjötáfurðir	Unnar fiskáfurðir	Vilttur fiskur	Samlokur (kræklingur)	Olíur úr sjávarrikinu	Samtals	Alls	
	Halógenueð þrávirk lífræn efni	Lífræn klórsambönd	2/2	2/2	7/7	2/2	2/2	25/25	0	2/2	0	0	3/3	0	0	45	100%	
	Halógenueð þrávirk lífræn efni	Dioxin og PCB	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2/2	2	100%	
	Halógenueð þrávirk lífræn efni	PFAS efni	1/1	1/1	7/7	1/1	1/1	25/25	0	2/2	0	0	3/3	1/1	0	42	100%	
	Pungmálmar	Pungmálmar (Pb, Cd, Hg, As)	2/2	1/1	7/7	2/2	2/2	25/25	2/2	2/2	0	0	4/4	1/1	0	48	100%	
	Sveppaeitur	Aflatoxín M1	0	0	0	0	0	0	4/4	0	0	0	0	0	0	4	100%	
	Önnur aðskotaeftirlitsáætlun 2023	PAH efni	0	0	0	0	0	0	0	0	8/8	4/4	0	1/1	0	13	100%	
	Önnur aðskotaeftirlitsáætlun 2023	3-MCPD og glýsídól	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2/2	2	100%	
		Fjöldi Sýna		5	4	21	5	5	75	6	6	8	4	10	3	4	156	100%